


Miðpróf tónfræðagreina vorið 2010
Tölfræðileg úrvinnsla

Alls þeytti 121 nemandi í 13 tónlistarskólum miðpróf tónfræðagreina vorið 2010. 95,0% próftaka (115 nemendur) stóðust prófið en 5,0% (6 nemendur) náðu ekki tilskilinni lágmarkseinkunn (6,0). Meðaleinkunn á prófinu á landsvísu var 7,62.. Hæsta einkunn var 9,6 og lægsta einkunn 4,5. Mynd 1 sýnir einkunnadreifingu nemenda sem þeyttu prófið.

Miðpróf tónfræðagreina 2010
Einkunnadreifing (allt landið)



Mynd 1: Miðpróf tónfræðagreina 2010. Einkunnadreifing nemenda sem þeyttu próf.

Miðpróf tónfræðagreina er þrískipt, þ.e. skriflegt próf (60 einingar), munnlegt próf (20 einingar) og valverkefni (20 einingar). Enn fremur er skriflegum hluta prófsins skipt í þrjá þætti: (i) skrifleg tónheyrn, (ii) hlustun, greining og saga og (iii) tónfræðileg þekkingaratriði, sem hafa jafnt vægi, hver um sig 20 einingar. Á vitnisburðarblöðum nemenda er heildareinkunn sundurliðuð í áður nefnda fimm þætti. Meðaleinkunn í hverjum þætti prófsins á landsvísu var eftirfarandi.


Skriflegt próf:

- (i) Skrifleg tónheyrn: 14,67 einingar (af 20)
- (ii) Hlustun, greining og saga: 12,75 einingar (af 20)
- (iii) Tónfræðileg þekkingaratriði: 15,74 einingar (af 20)

Munnlegt próf: 15,39 einingar (af 20)

Valverkefni: 17,69 einingar (af 20)

Mynd 2 sýnir meðaleinkunn nemenda í einstökum prófþáttum, sem og meðaltal heildareinkunnar.



Mynd 2: Miðpróf í tónfræðagreinum 2010. Meðaleinkunn einstakra prófþátta og meðaltal heildareinkunnar. Allir fimm þættir prófsins veга jafnt í heildareinkunn.